

18. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. júní 1998.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

*Snorri Rúnar Pálmason.***REGLUGERÐ****um loðnuveiðar íslenskra skipa 1998/1999.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða íslenskra skipa á tímabilinu frá og með 20. júní 1998 til 1. maí 1999.

2. gr.

Aðeins skipum, sem aflamark hafa í loðnu, er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávaraflla.

Leyfilegur hámarksafli íslenskra loðnuveiðiskipa á loðnuvertíðinni 1998/1999 er 688.200 lestir.

3. gr.

Veiðar eru heimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands, Grænlands og Jan Mayen með þeirri takmörkun, að allar loðnuveiðar eru bannaðar tímabilið 16. ágúst - 30. september 1998. Þá er íslenskum skipum aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar norðan 64°30'N í lögsögu Grænlands. Í lögsögu Jan Mayen er þeim aðeins heimilt að veiða 35% af leyfilegum heildarafla íslensku skipanna.

4. gr.

Stjórnvöld í Noregi og Grænlandi setja reglur um veiðar í lögsögu landanna. Fiskistofa skal koma upplýsingum þar um til skipa eftir því sem unnt er.

5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuaflla til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar aflla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reiti.

Óheimilt er að dæla aflla úr nót veiðiskips um borð í flutningaskip eða annað veiðiskip eða flytja óvígtaðan aflla milli skipa með öðrum hætti. Fáí loðnuskip það stórt kast, að skipið beri ekki allan þann aflla sem er í nóttinni er þó heimilt að dæla eftirstöðvum aflans úr nóttinni um borð í annað veiðiskip, enda hafi bæði skipin aflamark í loðnu. Ávallt skal loðnuaflli skráður sem afli þess skip, sem honum er landað úr.

6. gr.

Einungis er heimilt að stunda loðnuveiðar með nót nema að fengnu sérstöku leyfi ráðuneytisins.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið, að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall smærri loðnu en 14 cm yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

7. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 19. júní 1998.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Snorri Rúnar Pálmason.

REGLUGERÐ

um karfaveiðar fiskiskipa frá Evrópusambandinu í fiskveiðilandhelgi Íslands 1998.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til karfaveiða fiskiskipa frá Evrópusambandinu í efnahagslögsögu Íslands á tímabilinu 1. júlí - 31. desember 1998.

2. gr.

Aðeins þeim fiskiskipum sem fengið hafa sérstakt leyfi Fiskistofu er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Evrópusambandið skal sækja um leyfi fyrir hvert skip á sérstöku eyðublaði eins og gert er ráð fyrir í viðbæti 1 við Niðurstöðu fiskimálaviðræðna milli Íslands og Evrópusambandsins frá 20. - 21. október 1997.

Verksmiðjuskipum verður ekki veitt leyfi til veiða. Skip, sem aðeins slægja og frysta fiskinn um borð, teljast ekki verksmiðjuskip.